



## Nefndarsvið Alþingis

Allsherjar- og menntamálanefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Sent rafrænt á: [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 14. mars 2017.

### Umsögn stjórnar Samstarfs félagasamtaka í forvörnum (SAFF) um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 106. mál, lagafrumvarp, 146. löggjafarþing 2016–2017.

Stjórn SAFF, Samstarfs félagasamtaka í forvörnum leggst gegn þingmannafrumvarpi sem lagt hefur verið fram á Alþingi og felur í sér afnám einkaleyfis Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis og heimilar áfengisauklýsingar.

Stjórn SAFF væntir þess að alþingismenn, fulltrúar hagsmuna almennings á Alþingi, tryggja frumvarpinu vandaða málsmeðferð á grundvelli langtímastefnumörkunar í forvörnum og lýðheilsu og byggi afgreiðslu þess á rannsóknum, ráðgjöf og upplýsingum sérfræðinga í lýðheilsuáttal, áfengis- og vímuefnamálum og, ekki síst, þeirra sem sinna málefnum ungmenna. Það er eðlilegt að fram fari mat á lýðheilsuáhrifum og samfélagslegum kostnaði af þeim breytingum sem frumvarpið boðar áður en það kemur til kasta Alþingis. Það er eðlilegt að áfengi sé ekki flokkað sem venjuleg neysluvara og lúti öðrum viðmiðum en þær. Þetta endurspeglast meðal annars í andstöðu meirihluta almennings við frumvarpið, eins og fram kemur í könnunum.

Frumvarpið varðar mikla samfélagslega hagsmuni sem felast í því að áfengisneysla er meðal sterkustu áhættuþátta lýðheilsu að mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Kostnaður samfélagsins vegna neyslu áfengis birtist víða, m.a. í heilbrigðiskerfinu, löggæslu- og dómskerfinu, tryggingakerfinu og atvinnulífinu svo dæmi séu nefnd. Að ógleymdum áhrifum á einstaklinga, fjölskyldur og nærsamfélag.

Sá árangur sem hefur orðið á Íslandi í forvörnum hefur vakið athygli á alþjóðavettvangi og lítið er til þeirra leiða sem farnar hafa verið hér. Opinberir aðilar, sveitarfélög, félagasamtök og foreldrar hafa tekið höndum saman til að vinna gegn áfengisneyslu ungs fólks með góðum árangri. Það takmarkaða aðgengi sem er að áfengi á Íslandi er jafnframt talið hafa lagt lóð á vogaskálarnar. Þess vegna verður að fara varlega í sakirnar þegar teknar eru ákvarðanir sem hugsanlega geta snúið við þeirri þróun.

Í handbók WHO fyrir evrópsk stjórnvöld, "Handbook for action to reduce alcohol-related harm", sem kom út árið 2009 eru þau ríki sem þegar búa við fyrirkomulag einkasmásölu á áfengi eindregið hvött til þess að viðhalda því fyrirkomulagi. Fullýrt er að hafið sé yfir allan vafa að einkaleyfi ríkisins á smásölu áfengis sé árangursrík leið til þess að draga úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu. Fjöldi rannsókna hafi sýnt fram á að einkavæðing smásölnunnar auki bæði sjúkdóma- og fjárhagsbyrði. Fram hjá þessu verður ekki horft.

Stjórn SAFF,

Hildur Helga Gísladóttir, formaður. Guðlaug Guðjónsdóttir, Málfríður Sigurhansdóttir, Ární Guðmundsson, Jakob Gunnarsson.